



Gróf skissa af öfugri hafmeyju

Góðan dag, kæra dómsnefnd og sælt veri fólkið.

Mig langar, sem listmálari, að senda inn tillögu að veggskreytingu austurgafls sjávariðnaðarhúsins.

Ég vil samt taka fram að tillaga þessi er ekki einungis hugsuð sem sigur tillaga, heldur er einnig markmiðið með þátttökunni að hylla það hlutverk myndlistinar að skapa örlítin óróa í kringum fastformuð og inngróin gildi í samfélaginu og þannig hrinda vonandi af stað kröftugri umræðu um fólk og fyrirbæri og allt milli himins og jarðar.

Fari hinsvegar svo að tillaga þessi verði valin þá mun ég að sjálfsögðu vanda vel til verka þótt umsóknin sé hrá. Ég hef unnið að veggskreytingu áður og lært húsamálun og starfað sem slíkur.

Sjáfarútvegurinn á Íslandi er lífsuppsprettan, og helgisíðirnir í kringum háskalegt líf sæfarans eru óteljandi og karlmennskan alsráðandi.

Þegar auglýst var eftir hugmyndum að verkum datt mér strax í hug smásaga eftir Andra Snæ Magnason sem heitir Sjóarinn og Hafmeyjan sem endar svona

„Ari lifði lífi sínu áfram eins og ekkert hefði í skorist, fast hann sótti sjóinn og sækir hann víst enn. Drauma hefur hann víst líka ennþá en þeir eru örlítið breyttir. Nú lætur hann sig dreyma um nýja og endurbætta útgáfu af hafmeyjum, hafmeyjur sem eru konur að neðanverðu en fiskar að ofan.“ (Uppspuni bls 106)

Þessi saga fjallar um lífsseigu klisjuna af sjóaranum sífulla sem er dónadólgur. Og er frábærlega fyndin í alla staði.

Persónulega finnst mér áhugavert hvernig orðaforði er fengin frá sjáfarrikinu eins og til dæmis öfuguggi, gelgja og smokkurinn er nefndur eftir samnefndum fiski. Heimspekingar frá hámenningarþjóðum mundu ekki halda vatni yfir þessari tengingu kynlífs og nálægð við dauðan

En svo ég víki aftur að myndskreytingu og myndlist.

Hafmeyja þessi er sett saman úr skötusel og litlu hafmeyjunni. Mér þykir það viðeigandi því litla hafmeyjan sú eina sanna er samansett úr tveim mismunandi fyrirmyndum og hausinn hennar tollir illa á. Þá finnst mér skötuselurinn hafa áhugaverða eiginleika. Í fyrsta lagi að gríðarlegur munur sé á útliti og stærð karlkyns og kvenkyns fiska. Karlkyns skötuselur er miklu minni en kvenfiskur. Kvenfiskurinn hefur **fálmara** sem hún notar sem agn til að ginna bráð en karlfiskurinn hefur ekkert svoleiðis og getur því lítið veitt. Hann verður að finna kvenfisk og bíta sig fastan við hana. Við bitið gefur karlfiskurinn frá sér **hvata** sem leysir upp og meltir bæði húð kvenfisksins og munn karlfisksins. Karlfiskurinn verður þannig **sníkjudýr** á líkama kvenfisksins og nærast þar á blóði og hrörnar þar til **eistun** ein eru eftir og dæla þau **sæði** eftir þörfum inn í líkama kvenfisksins.

Ég myndi ráða einungis kvenmenn til vinnu þessa verks og við myndum passa að halda öllum kostnaði niðri. Notast við vinnupalla og gafflalyftu, sem yrðu stærstu kostnaðarliðir verkefnis, mála með flugger akríl lakki.

Ef veður leifir og ekkert bilar þá er undirbúningur sirka ein vika, ein vika í gerð verks, ein vika í frágang og ein vika ef eitthvað fer úrskeiðis. Raunsætt mat á tíma er einn mánuður.

takk fyrir yfirlestur
bestu kveðjur